

Norðfirðingur

1. tölublað 2004

29.árgangur

Sólarkaffi

**Hið árlega Sólarkaffi og aðalfundur
Norðfirðingafélagsins verða haldin
sunnudaginn 8. febrúar í
safnaðarheimili Fella-og hólakirkju.
Kaffið byrjar kl 1500.**

Aðgangseyrir er 1000 kr.

**Pórunn og Ingibjörg Lárusdætur ætla
að skemmta okkur með söng
Munið það vantar alltaf brauð
Fjölmennum og eignum góða stund
saman.**

Aðalfundarstörf

Á fundinum verður kosin ný stjórn. Úr stjórn ganga Sólveig Þorláksdóttir, Fanney Jóhannsdóttir og Bjarni Freyr Ármannsson. Við þökkum þeim vel unnin störf í þágu félagsins. Við auglýsum hér eftir nýjum stjórnarmönnum. Ef einhverjir vilja gefa kost á sér, hafið þá samband við formanninn. Dagskrá fundarins er: Skýrsla formanns, skýrsla gjaldkera, kosning stjórnar og önnur mál ef einhver eru.

Félagsstarfið

Síðastliðið sumar voru farnar nokkrar gönguferðir á vegum félagsins. Einn fyrirlestur var haldin í haust um Grænland og svo að sjálfsögðu Síldarkvöldið. Nú þarf að fara að huga að dagskrá þessa árs og eru allar uppástungur vel þegnar. Okkur þætti gott ef félagsmenn hefðu samband við okkur á sólarkaffinu og létu í ljósi skoðanir sínar og hugmyndir.

Gjöf

Félaginu hefur borist gjöf frá afkomendum Bjargar Helgadóttur. Sem við þekkjum öll sem Boggu á Mel. Gjöfin er myndir úr eigu Bjargar sem hafa verið hengdar upp í íbúðinni okkar fyrir austan. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir.

Úthlutunarreglur og verð

Sumarúthlutunartíminn er frá 1. júní til 1 September.

Yfir vetrartímann er hægt að fá leigðar heilar vikur eða helgar.

Páskavikunni verður úthlutað sérstaklega en annars gildir reglan fyrstir panta fyrstir fá, yfir veturinn.

Þetta ár verður tekið á móti þöntunum til 1. apríl, þá verður farið yfir allar pantanir fyrir sumartímann og þá gildir að þeir sem hafa ekki fengið úthlutað áður ganga fyrir, en ef báðir eru jafn réttháir gildir hlutkesti.

Úthlutun verður lokið 15 apríl, þá verður öllum tilkynnt um úthlutun og verða þeir sem fá úthlutað að staðfesta þöntun með greiðslu á leigunni fyrir 25 apríl annars verður vikunni úthlutað til annarra.

Verð

Sumartími 1 vika	15.000kr
Páskavikan	15.000 kr
Vetrartími 1. vika	12.000 kr
Vetrartími 1. helgi	6.000 kr

Félagsgjöldin

Við minnum enn á félagsgjöldin, án þeirra er ekkert félag.

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómobúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Félagsgjald greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbankinn

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 108 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson (567 0667)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)